

(B. VIII. 1).

**Nd.**

**30. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Flutningsm.: Jón Kjartansson, Pjetur Ottesen og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, eftir reikningi, þó ekki fram yfir upphæð þá, er hér segir:

1. Úr Suður-Múlasýslu .....	kr. 250.00
2. — Norður-Múlasýslu .....	— 300.00
3. — Seyðisfirði .....	— 175.00
4. — Norður-Þingeyjarsýslu .....	— 275.00
5. — Suður-Þingeyjarsýslu .....	— 275.00
6. — Eyjafjarðarsýslu .....	— 225.00
7. — Akureyri .....	— 125.00
8. — Skagafjarðarsýslu .....	— 180.00
9. — Húnavatnssýslu .....	— 180.00
10. — Strandasýslu .....	— 200.00
11. — Norður-Ísafjarðarsýslu .....	— 150.00

12. Úr Ísafirði .....	kr. 80.00
13. — Vestur-Ísafjarðarsýslu ... ..	— 100.00
14. — Barðastrandarsýslu .....	— 150.00
15. — Snæfellsnessýslu .....	— 100.00
16. — Dalasýslu .....	— 100.00
17. — Mýrasýslu .....	— 75.00
18. — Borgarfjarðarsýslu.....	— 50.00
19. — Gullbringu- og Kjósarsýslu ....	— 40.00
20. — Arnessýslu .... ..	— 125.00
21. — Rangárvallasýslu .... ..	— 180.00
22. — Vestur-Skaftafellssýslu .....	— 400.00
23. — Austur-Skaftafellssýslu.....	— 350.00
24. — Vestmannaeyjum .....	— 50.00

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem yfirfer og úrskurðar þingfararkaup-reikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísar upphæðunum.

4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1925, og eru frá sama tíma úr gildi númerin lög nr. 36, 26. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna.

Ástæður.

Með frv. þessu er ætlast til, að dýrtíðaruppbót á dagpeningum þingmanna falli niður. Dýrtíðaruppbót á þingfararkaupi alþingismanna hefir númerin 2 síðustu árin: 1922 kr. 38273,04 og 1923 kr. 29260,80, svo að þessi breyting hefði talsverðan sparnað í för með sjer.

Önnur breyting, er frv. þetta gerir frá gildandi lögum, er að fastsetja ferðakostnað þingmanna, eins og var áður, samkv. l. nr. 10, 22. nóv. 1912. — Breyting, sem gerð var á þessu með lögum nr. 36, 26. nóv. 1919, virðist ekki hafa verið heppileg. Ferðakostnaðarreikningar þingmanna virðast hafa verið allmjög af handahófi og stundum óhæfilega háir. Er hjer ætlast til, að sett verði hámark ferðakostnaðar úr hverju kjördæmi, sem endurgreitt verði úr ríkissjóði. Mun það kenna þingmönnum sparnað á fje ríkissjóðs, en þess mun síst vanþörf eins og hag ríkissjóðs nú er komið.

Ferðakostnaður alþingismanna 2 síðustu ár hefir númerin: 1922 kr. 6333,34 og 1923 kr. 6238,01, en mundi með þessu fyrirkomulagi nema kr. 4375,00 úr þeim kjördæmum, sem síðastl. ár tóku ferðakostnað, enda þótt allir næðu hámarki áætlunar, en margir verða að sjálfsgöðu þar fyrir neðan, svo sparnaðurinn verður meiri.